

Selfoss, 4.9.2024

Kæru foreldrar/forsjáraðilar

Í kjölfar þeirra ógnvænlegu atburða sem átt hafa sér stað undanfarið, bæði á höfuðborgarsvæðinu og hér í Árborg, þar sem börn hafa verið beitt alvarlegu ofbeldi af öðrum börnum, vill fjölskyldusvið Árborgar hvetja foreldra til þess að ræða við börnin sín um alvarleika þess að beita ofbeldi og bera á sér vopn af einhverju tagi.

Því miður hefur borið á því undanfarna mánuði að börn hafa bæði beitt og verið beitt alvarlegu ofbeldi af öðrum börnum, í einhverjum tilfellum er grunur um vopnaburð, frelsissviptingu og dreifingu myndefnis af ofbeldinu.

Í skóla- og frístundastarfi er allur vopnaburður stranglega bannaður og ef barn verður uppvist að því að bera vopn er það gert upptækt, haft samband við foreldra og málið tilkynnt til lögreglu og barnaverndar án undantekninga. Mikilvægt er að ungmennin okkar að viti að vopnaburður á almannafæri er bannaður skv. 30. gr. vopnalaga. Brot geta varðað sektum eða fangelsi, allt að fjórum árum. Dreifng myndefnis án samþykkis hlutaðeigandi getur varðað við persónuverndarlög.

Framkvæmdateymi Öruggara Suðurlands hefur nú þegar skipað vinnuhóp sem mun hefja vinnu við að kortleggja stöðu ungmenna hér í Árborg m.t.t. áhættuhugðunar og skila inn tillögum að úrræðum. Kallaður hefur verið saman aðgerðarhópur forvarnarteymis Árborgar sem mun setja fram áætlun er snýr að forvörnum og fræðslu með sérstaka áherslu á áhættuhugðun ungmenna.

Staðreyndin er samt sem áður sú að foreldrar gegna lykilhlutverki í lífi barna sinna. Sveitarfélagið vill þar af leiðandi skora á og hvetja foreldra til þess að hlúa að börnum sínum, ræða við þau um þær áskoranir sem uppi eru hverju sinni í þeim tilgangi að fræða en ekki hræða. Góðar upplýsingar fyrir foreldra er að finna á heimasíðu Árborgar þar sem fram koma bæði leiðbeiningar til foreldra í gegnum síðuna 112 auk myndbanda sem sveitarfélagið hefur framleitt. Einnig er að finna verklagsreglur um viðbrögð þegar bregðast þarf við/stöðva óásættanlega og/eða skaðlega hegðun nemenda í grunnskólum Árborgar.

Starfsfólk fjölskyldusviðs mun leggja þunga áherslu á það á komandi misserum að stöðva og sporna gegn ofbeldi og vopnaburði barnanna okkar. Mikilvægi samvinnu heimila, skóla og frístundastofnana skiptir höfuðmáli því öll berum við sameiginlega ábyrgð á velferð barnanna okkar í Árborg.

Virðingarfyllst

Bragi Bjarnason  
Bæjarstjóri

Heiða Ósp Kristjánsdóttir  
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs